# Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 4. bekkur

Kennsla: Árgangurinn skiptist í 4 smiðjur og mætir hver hópu tvisvar í viku í 80 mínútur í senn í hverja smiðju

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | **Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:**<br>• Velja og nota nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.<br>• Gera grein fyrir nokkrum smíðaefnum sem unnið er með. | Nemendur vinna hluti úr timbri þar sem reynir á notkun helstu verkfæra smíðastofunnar.<br><br>Unnið er með ýmsar viðartegundir og nemendur kynnast þeim við vinnu sína. | Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann og hans vinnu eftir hvern tíma. |
| **Hönnun og tækni** | • Draga einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.<br>• Vinna verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.<br>• Framkvæma einfaldar samsetningar.<br>• Benda á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi. | Leitast er við að örva sköpunargleði, ímyndunarafl, sjálfstæði og sjálfstraust með vinnu þar sem nemandinn vinnur frjálst útfrá sínum hugmyndum á milli verkefna. Nemandi teiknar upp sínar hugmyndir og með aðstoð kennara útfærir hann hugmyndina.<br><br>Nemendur setja saman hluti, ýmist negla eða líma, eftir tegund verkefna.<br><br>Við tengjum tækni, hönnun og smíði við daglegt líf nemandans og styðjumst við veraldarvefinn til upplýsinga, | |
| **Umhverfi** | • Sýna góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.<br>• Beita líkamanum rétt við vinnu sína og sýna rétta notkun hlífðarbúnaðar. | Við vinnu á verkefnum er ávallt leitast við að nýta efnið sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni.<br>Kennarinn leiðbeinir nemanda við vinnuna og hvernig best er að beita líkamanum við vinnu. | |

**Námsgögn:**
Unnið er með ýmsar fyrirmyndir að verkefnum bæði í eigu skólans og af veraldarvefnum.

**Lokanámsmat:**
Símat.
Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.